




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hálsaskógur

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Leikur, virðing, vinátta.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat	5
3 Ytra mat	27
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	28
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	28
6 Foreldrasamvinna	29
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
8 Fylgigögn.....	32
8.1 Fylgiskjal 1 – Endurmatsáætlun Hálsaskógar	32
8.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs	32

Leiðarljós leikskólans: Leikur, virðing, vinátta.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2019-2020 mun lengi verði í minnum haft í Hálsaskógi. Veður, verkfall og veira!

Haustið fór ágætlega af stað, aðlögun gekk þokkalega en var strembin á nokkrum deildum, sérstaklega á einni deild. Allt þróaðist þó í rétta átt og í desember voru öll börn vel aðlöguð og undu sér vel í leik og starfi í leikskólanum.

Starfsmannamál voru nokkuð erfið þetta árið. Það hafði vantað deildarstjóra á Grenilund síðan 1. júní 2019 og fékkst enginn í starfið, sama hversu oft var auglýst. Við ákváðum því að aðstoðarleikskólastjóri myndi taka að sér að halda utan um deildina og sinna foreldrasamskiptum en vera þó ekki með fulla viðveru þar. Á Víðilundi fóru svo deildarstjóri og einn starfsmaður í fæðingarorlof í október og nóvember og urðu þá strax töluverðar breytingar á þeirri deild. Staðan var því þannig að það vantaði tvo deildarstjóra í Hálsaskóg frá miðjum október og hélst það þannig fram í febrúar. Í febrúar byrjaði deildarstjóri á Víðilundi en það er grunnskólakennari sem hefur verið að vinna í yngra húsinu (Borg). Hún er enn að komast inn í starfið þar sem eðlilegt leikskólastarf hefur einungis verið í rúman mánuð þegar þetta er ritað frá því að hún tók við. Þá er loksins búið að ráða í deildarstjórastöðuna á Grenilundi og byrjar nýr deildarstjóri þar í ágúst en hún er leikskólakennari. Ekki var mikið um aðrar breytingar í starfsmannahópnum framan af vetri en töluvert var um veikindi í hópnum. Núna í vor hefur verið eitthvað um breytingar en búið er að fullráða fyrir haustið og stefnum við full tilhlökkunar inn í nýtt skólaár!

Það þarf ekki að eyða miklum orðum um það skrítna ástand sem skapaðist í febrúar þegar starfsmenn Eflingar fóru í fjögurra vikna langt verkfall og svo tók covid veiran við. Um það bil helmingur starfsmanna fóru í verkfall um miðjan febrúar og þurftum við að loka tveimur deildum alveg þann tíma ásamt því að vera með verulega skerta þjónustu á öðrum deildum. Þá lokuðu bæði eldhúsin og þurftu foreldrar að sækja börn sín í hádeginu og gefa þeim að borða þá daga sem þau gátu verið í leikskólanum. Tveir starfsmenn fengu svo covid veiruna og þurftum við að senda alla úr eldra húsinu í tveggja vikna sóttkví vegna þessa. Sem betur fer veiktust þó engin börn og ekki fleiri starfsmenn og erum við þakklát fyrir það!

Síðasta haust byrjuðum við með þróunarverkefni sem unnið er út frá Menntastefnunni og við köllum „Vinirnir í skóginum – sterk saman“. Í þessu verkefni leggjum við áherslu á að efla félagsfærni barnanna og leggjum megin áherslu á að gera það í gegnum útinám. Einn leikskólakennari tók að sér að verða verkefnastjóri yfir verkefninu og skipti það sköpum í þróun verkefnisins eins og fram kemur í

endurmati flestra deilda. Verkefnið hefur gengið vel þó svo að veður, verkfall og veira hafi haft þar áhrif á. Við fengum styrk frá Reykjavíkurborg til að vinna verkefnið og var ætlunin að nota hluta af honum til að útbúa útinámssvæði í garðinum í Borg. Það hefur þó ekki gengið eftir þar sem erfiðlega hefur gengið að fá það samþykkt hjá skipulagsaðilum borgarinnar. Við ætlum þó ekki að gefast upp því það er draumur okkar að börnin geti fengið svæði þar sem hægt er að rækta, rannsaka, upplifa og svo margt fleira. Við ætlum að halda áfram að vinna með félagsfærnina næsta skólaár en bæta við læsi. Við teljum að það henti vel að vinna með þessa tvo þætti saman og leiðirnar til að ná settum markmiðum verða unnar að miklu leyti í gegnum útinám, uppeldi til ábyrgðar, Lubba og sögugerð.

Skólaárið 2018-2019 byrjuðum við í samvinnu við landlæknisembættið í tannverndarverkefni. Þann vetur kom tannlæknir og skimaði tannheilsu barna í Hálsaskógi. Síðastliðið haust var svo byrjað á því að tannbursta börnin eftir hádegismatinn. Þetta gekk mjög vel en við tókum hlé á því þegar covid kom upp og höfum ákveðið að byrja ekki aftur fyrr en næsta haust.

Síðastliðinn vetur fóru þrír starfsmenn á námskeið um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinnur leikskólinn nú að því að öðlast réttindi til að geta kallað sig Réttindaleikskóla Unicef. Það er gert með því að vinna ýmis verkefni með Barnasáttmálann en eins og annað skipulagt starf þá datt það ansi mikið niður á vorönninni en við munum halda ótrauð áfram þegar nýtt skólaár hefst.

Samstarf við Ölduselsskóla hélt áfram þar sem við tókum nemendur í 9. og 10. bekk í starfsnám einu sinni í viku yfir átta vikna tímabil. Þetta var mjög vinsælt val hjá nemendum og var þetta því endurtekið aftur eftir áramót en náðist því miður ekki að klárast vegna þeirra aðstæðna sem komu upp. Við vonum að þetta samstarf sé komið til að vera og að við náum að kveikja áhuga og eldmóð hjá tilvonandi leikskólakennurum!

Ég vil enda á því að hrósa mínum einstaka starfsmannahóp fyrir æðruleysi, jákvæðni, þolinmæði og léttu lund! Þetta fleytti okkur í gegnum þennan erfiða vetur og má með sanni segja að ef eitthvað, þá hefur þetta þjappað hópnum enn frekar saman. Við erum svo lánsöm að vera með hóp af áhugasömu og hvetjandi fólki sem er alltaf jafn gaman að hitta á morgnana og gerir það að verkum að andinn er einstaklega góður í Hálsaskógi 😊



2 Innra mat

Matsaðferðir í Hálsaskógi eru fjölmargar s.s. matsblöð, deildarstjórafundir, deildarfundir, skipulagsdagar, demantsaðferðin og kannanir. Í vetur hefur gengið vel að endurmeta starfið og til þess voru notuð endurmatshefti, ásamt því að unnið var eftir endurmatsáætlun og umbótaáætlun úr Starfsáætlun síðasta árs. Leitast hefur verið meira eftir mati barnanna en verið hafði gert og þá aðallega með umræðum í litlum hópum og demantaðferðinni.

Helstu atriði sem starfsmannahópurinn vill leggja áherslu á næsta skólaár eru eftirfarandi:

Menntastefna -Félagsfærni og læsi

Þegar við hófum vegferð okkar í menntastefnunni var ákveðið að hafa útinám sem aðalleið til að efla félagsfærni barnanna í þróunarverkefni okkar tengdu menntastefnunni. Næsta skólaár ætlum við vinna áfram að efla félagsfærni í gegnum útinám einnig að leggja áherslu á læsi.

Helstu markmið verkefnisins eru að raddir barna í Hálsaskógi fái aukið vægi, að þau læri að bera virðingu fyrir og taka tillit til hvers annars, náttúrunnar og umhverfisins. Að þau læri að allir skipta máli, sama hversu ólík við erum. Við sóttum um að fá að halda áfram því góða verkefni sem hefur mótast hjá okkur og hófst síðastliðið haust. Við lögðum í upphafi mikla vinnu í að finna rétta stefnu í verkefninu með samvinnu við alla starfsmenn leikskólans og starfið hefur þar af leiðandi orðið mjög markvisst. Mikilvægt er að halda í það sem gengur vel til að festa það enn frekar í sessi.

Það sem við sjáum í dag hafa þróast í starfinu okkar er að útinám er mun markvissara en áður og starfsfólk er almennt meðvitaðra um eflingu félagsfærni í öllum aðstæðum starfsins. Áhersla hefur verið á að efla starfið í útiveru barnanna með hópeflisleikjum og auka samtalið um mikilvægi góðra samskipta út frá uppeldisstefnunni sem við styðjumst við, Uppeldi til ábyrgðar. Læsi hefur einnig eflst til muna með markvissara starfi í fjölbreyttum aðstæðum.

Lýsing á framkvæmd verkefnis og tímaáætlun:

Verkefnið mun taka eitt ár.

Haustönn:

Á skipulagsdegi í ágúst verður námskeið fyrir alla starfsmenn um félagsfærni og útinám í samstarfi við Kvan. Þá verður líka farið í gegnum Sögurgrunninn.

Öll börn munu fara í útinám að minnsta kosti einu sinni í viku, hvort sem það fer fram í görðum leikskólans eða í lengri ferðum.

Við munum fara ítarlega í gegnum

Sögugrunninn á skipulagsdegi í ágúst. Hann verður svo notaður til sögugerðar með börnunum. Elstu börnin munu enda skólaárið á því að búa til leikrit sem þau sýna foreldrum sínum í útskriftinni sinni. Við höldum áfram að vinna með Lubba sem finnur málbein en það verkfæri finnst okkur hjálpa mikið til í vinnu með læsi.

Við munum einbeita okkur að þeim þáttum sem snúa að félagsfærni og læsi í Uppeldi til ábyrgðar.

Vorönn:

Á skipulagsdegi í mars verður námskeið/fræðsla tengt verkefninu (viðfangsefnið ákveðið síðar). Starfsmenn fara í heimsóknir í leikskóla sem vinna markvisst með uppeldi til ábyrgðar, útinám og Barnasáttmálann.

Stýrihópur heldur áfram að fylgja verkefninu eftir.

Byrjum að útbúa útisvæði í garðinum í Borg sem nýtt verður til útináms. Girða af lítinn skika og fá hugmyndir barnanna um útfærslur.



Árangur verður metinn á deildarfundum á tveggja mánaða fresti, á stjórnendafundum einu sinni á önn og með börnunum einu sinni á önn. Matið mun fara fram með Gátlistanum fyrir leikskóla, umræðum og demantsaðferð

Endurmat mun fara fram einu sinni í mánuði á deildarfundum og í desember og maí á stjórnendafundum. Með börnunum verður endurmetið í nóvember og apríl með demantaðferðinni.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Til þess að verða réttindaskóli Unicef vinnum við ákveðin verkefni bæði með börnunum og starfsmannahópnum til þess að skapa umræður um Barnasáttmálann, ýmis hugtök tengd honum og mikilvægi hans í starfi með börnum. Öll vinnan með Barnasáttmálann byggir í grófum dráttum á fjórum grundvallargreinum sáttmálans og eiga að nýtast sem þumalfingursreglur í öllu starfi með börnum. Þetta eru 2.grein; Jafnræði - bann við mismunun, 3.grein; Það sem er barninu fyrir bestu, 6.grein; Réttur til lífs og þroska og 12.grein; Réttur barnsins til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.



Lýsing á framkvæmd verkefnis og tímaáætlun:

Verkefni úr handbók unnin með öllum 4 ára börnum í leikskólanum. Verkefnið tekur 2-3 ár.

Haustönn:

Innleiðingarteymi ásamt deildastjórum á eldri deildum hittast strax að hausti og skipuleggja starfið.

Á skipulagsdegi í nóvember verður farið í síðasta verkefnið með öllu starfsfólki.

Öll 4 ára börn vinna tvö verkefni úr handbók.

Vorönn:

Öll 4 ára börn vinna tvö verkefni úr handbók.

Starfsfólk fer í heimsókn í leikskóla þar sem unnið er með Barnasáttmálann.

Innleiðingarteymi fundar og fer yfir hvernig hefur gengið.

Endurmat fer fram með börnunum með umræðum og skráningu.

Skóli á grænni grein

Þemað sem við erum að vinna að núna er *Átthagar og landslag*. Markmiðin sem sett hafa verið eru eftirfarandi og tengjast öll þeirri vinni sem við leggjum áherslu á í starfinu okkar og fléttast því vel inn í bæði verkefnið um Menntastefnuna og Barnasáttmálann. Markmiðin okkar voru sett haustið 2019 og gilda til vorsins 2021.

- 1) Að fara í reglulegar gönguferðir
- 2) Að stofna til samstarfs við stofnanir/stofnun í hverfinu okkar.
- 3) Að efla lýðræði barna í leikskólanum.
- 4) Að hafa útinám markvisst
- 5) Að skoða og kynnast nánast umhverfi okkar.

Þessi markmið hafa öll undirmarkmið sem starfsfólk þekkir. Umhverfisnefnd fundar reglulega en vinna með umhverfisnefnd barna þarf að vera öflugra.

Lýsing á framkvæmd verkefnis og tímaáætlun:

Grænfánaverkefnið snýst ekki bara um það þema sem er í gangi hverju sinni heldur einnig það góða starf sem hefur verið byggt upp í Hálsaskógi. Framkvæmd er í höndum alls starfsfólks og myndataka og skráning er mikilvæg í ferlinu öllu. Núverandi grænfánatímabil er haust 2019-vor 2021.

Haustönn:

Umhverfisnefnd barna sett formlega á fót ásamt hópstjóra. Umhverfisnefnd barna hittist mánaðarlega.

Umhverfisnefnd hittist tvisvar sinnum á önninni.

Kynning á markmiðum grænfánavinnunnar á deildarfundum á öllum deildum.

Unnið markvisst að markmiðum, skráning, myndataka og umræður.

Vorönn:

Unnið markvisst að markmiðum, skráning, myndataka og umræður.

Umhverfisnefnd hittist tvisvar sinnum á önninni.

Umhverfisnefnd barna hittist í janúar og maí.

Endurmat fer fram með umræðum, skráningu og demantaaðferð með börnunum.

Stutt greinagerð deildastjóra Furulundar

Skólaárið 2019-2020 var fullt af krefjandi verkefnum. Við höfðum ákveðnar hugmyndir og markmið sem við hugðumst vinna að á þessu ári en sökum ytri aðstæðna náðum við ekki að framfylgja þeim að fullu.

Haustið byrjaði af fullum krafti og starfsmennirnir voru tilbúnir fyrir árið. Við fengum 16 ný börn í aðlögun, börnunum var skipt upp í þrjá hópa. Aðlögun gekk mjög vel framan af, en þar sem það var heldur stutt á milli síðustu tveggja aðlögunar hópana orsakaði það óöryggi hjá fyrsta hópum þegar ný börn og foreldrar komu á deildina enn eitt skiptið. Í vetur fáum við aðeins rýmri tíma í aðlögun sem gerir það að verkum að börnin fá tækifæri til að kynnst kennurunum sínum betur á milli aðlögunar hópa.

Í aðlöguninni unnu börnin hús með foreldrum sínum til að hafa upp á vegg í tengslum við uppeldis stefnu leikskólans, Uppeldi til ábyrgðar. Á húsunum þeirra voru myndir af þeim og því sem þeim þykir vænt um. Með því að vinna þessi hús með foreldrum sínum tengdust börnin húsinu á sérstakan hátt.

Þessi hús hjálpuðu börnunum heilmikið á erfiðustu stundum aðlögunarinnar. Börnin sóttu mikið í þessi hús og vildu skoða með kennurunum sínum og ræða um þau.



Fyrir jól samræmdu allar deildir nýja uppsetningu á sjónrænu dagskipulagi sem skilaði mjög góðum árangri inn í daglegt starf okkar. Sjónræna dagskipulagið var hluti af samverustundum okkar. Börnin voru snögg að læra að þekkja myndirnar og fylgdust spennt með þegar við settum upp daginn. Þar sem þetta var einn umbótarþáttur fyrir veturinn, var gott að geta kvittað lokið fyrir það. Ég tel að þetta verkfæri muni nýtast okkur vel í aðlöguninni í haust.

Útinámið hófst af krafti um haustið og áætlun okkar um að hvert barn færi í útinám einu sinni á tveggja vikna fresti gekk mjög vel þar til veturinn fór að breyta á. Í febrúar þegar við sáum fram á að geta farið aftur af stað með útinámið þá brast verkfallið á og Covid í kjölfarið. Við tókum upp þráðinn þegar hefðbundið leikskólastarf hófst 4.maí, börnin höfðu greinilega saknað þess að komast í gönguferðir. Helsta markmið okkar á komandi vetri verður að efla útinámið enn frekar hjá okkur. Á yngstu deild er mikilvægt að börnin finni öryggi á nýjum stað. Við leggjum mikla áherslu á að heilsa og kveðja hvert barn sérstaklega. Ég tel að það skipti höfuð máli í að börnin nái stöðugleika í leikskólanum. Þau skilja að við erum hér fyrir þau. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður þar sem sum börn þurftu að skipta snögglega um deild og mæta á óreglulegum tímum gekk veturinn vel fyrir sig. Börnin voru glöð og kát að mæta í leikskólann og voru snögg að aðlagast breyttum aðstæðum. Mér finnst það sýna að þau eru örugg í leikskólanum og þeim líður vel.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útikennsla	Að öll börn fari í útinám amk. 1 sinni á tveggja vikna tímabili Eftir því sem börnin eldast er hægt að fara oftar. Stefnum að einu sinni í viku eftir áramót	Fara í ferðir með litlir hópar (4-6) með tveim starfsmönnum Ákveða strax í upphafi skólaárs hverjir eiga hvaða dag og fylgja því.	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginleg a ábyrgð á framkvæmd .	Ágúst 2020	Júní 2021	Við metum árangur á deildarfundum Setjum upp skjal og merkjum inn dagsetningar og hóp barnanna sem fara í ferðina hverju sinni. Einstaklings samþöl við hluta barnanna.	Við stefnum að því að börnin þekki nærumhverfi í sitt ogg nái færni í að ganga saman í hóp.
Þemavinna	Markviss vinna með ákveðin hugtök / þemu	Við höfum ákveðið þema fyrir mánuðinn en hver deild útfærir sína vinnu með börnunum. Fastar stundir eftir kaffi.	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginleg a ábyrgð á framkvæmd .	Ágúst 2020	Júní 2021	Við metum árangurinn á deildarfundum. Virgni barnanna þegar við vinnum verkefnið og einstaklings samþöl við hluta barnanna.	Hafa lokaverkefni sem verður til sýnis fyrir foreldra.

Markviss málörvun	Auka færni og þekkingu barnanna í læsi á fjölbreyttan hátt í vinnustundum eftir kaffi sem og í minni hópum fyrir hádegi.	Við skipuleggjum tvennskónar áætlun sem róterast á milli daga og skiptum um verkefni mánaðarlega. Sérstök vinnustund með Lubba fyrir hádegi þegar við erum með salinn þá er hluti í salnum og hluti að vinna með Lubba. Hin börnin í frjálsum leik svo róterast hóparnir	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd.	Ágúst 2020	Júní 2021	Við metum árangurinn á deildarfundum eftir einstaklings samtöl við hluta barnanna.	Við viljum sjá góðan orðaforða og betri hugtaka skilning. Gefur okkur tækifæri til að grípa fyrir inn í hjá þeim börn sem eiga í erfiðleikum með málið.
----------------------	--	--	--	---------------	--------------	--	---

Stutt greinagerð deildastjóra Lerkilundar

Þessi vetur hefur verið mjög óvenjulegur fyrir margra hluta sakir og nýti ég þess vegna þann möguleika á því að endurnýta umbótaáætlun frá fyrra ári. Matsþættir þar eiga við næsta vetur einnig þó svo að við höfum náð markmiðum okkar í t.d. útikennslu.

Aðlögun hausts 2019 var mjög erfið að mörgu leyti. Það reyndi gríðarlega mikið á starfsfólk og börn deildarinnar og var af þeim sökum krefjandi verkefni að halda úti faglegu starfi lengi til að byrja með. Þrátt fyrir það lögðum við mikla áherslu á að ná markmiðum okkar í starfsáætlun 2019 – 2020 í útikennslu og varð það í raun nokkurs konar haldreipi okkar. Við getum stoltar fullyrt að hvert barn fékk tækifæri til að fara í útikennslu einu sinni í viku fram að aðventu auk þess að fara í sérstaka jólastund í útikennslu. Við skráðum samviskusamlega niður hverja ferð og merktum við hvert barn sem fór. Við lítum því á að markmiði hafi verið náð og munum halda áfram þessu góða starfi næsta skólaár.

Aðrir umbótaþættir gengu ágætlega þrátt fyrir að hvert barn hafi ekki náð því að fá skipulagða tónlistar eða hreyfistund 1x í viku. Fléttuðum við þeim stundum frekar í starfið í stað þess að taka það út sérstaklega.

Endurmat með börnum fer fram með í litlum hópum og með sjónrænu endurmati líkt og demantsaðferð auk þess sem við ræðum almennt daglega saman um hvað við viljum gera og hvernig við viljum gera það. Það er stefna okkar að efla lýðræði barnanna í daglegu starfi sem og fjölbreytt endurmat með börnunum.



Þrátt fyrir óvenjulegan vetur að mörgu leyti komum við undan honum reynslunni ríkari. Samstaða starfsfólks á deildinni sem og leikskólanum í heild efdist verulega og stóðum við þétt saman í gegnum þennan óvænta ólgusjó. Við lítum björtum augum til næsta skólaárs.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýn ihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útikennsla	Útinám fyrir öll börn 1x í viku	Skiptum börnunum upp í hóp og förum í gönguferðir og notum garðinn okkar	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Júní 2020	Júní 2021	Metum árangur og stöðu á deildarfundum og með demantsaðferð með börnunum	Að börnin fái þjálfun og kennslu hvað varðar umgengni um náttúruna, þrautseigju, samheldni og

							lausn verkefna
Tónlistarkefnsla	Tónlistarstundir fyrir öll börn 1x í viku	Með því að kynna þeim fyrir tónlist, hljóðfærum og þjálfari í að hlusta á takt, t.d með klappi	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Júní 2020	Júní 2021	Metum árangur á deildarfundum og í lokannar og með umræðum í litlum hópum	Við munum horfa til þess hvort þau geti klappað í takt, auk þess sem þau geti þekkt í sundur helstu hljóðfæri. Þekki einnig helstu tónlistarævintýri.
Hreyfistundir	Hreyfistundir fyrir öll börn 1x í viku	Skiptum börnum í tvo hópa. Skipulögð hreyfing í sal, auk göngutúra og fótbolta þegar vel viðrar. Einnig jógakennsla og slökun.	Allt starfsfólk á deildinni ber sameiginlega ábyrgð á framkvæmd	Júní 2020	Júní 2021	Metum árangur á deildarfundum og í lokannar og með umræðum í litlum hópum	Geta þau mætt helstu viðmiðum um grófhreyfingar? Gangi eftir jafnvægislá, klifri og hoppi/hoppi á einum fæti.

Stutt greinargerð deildastjóra Reynilundar

Aðlögun barnanna síðastliðið haust gekk vel. Á deildinni eru 20 börn, við fengum 14 ný börn og þar af 5 annars staðar frá. Það var mjög mikið álag að fá börnin af Furulundi fyrsta heila dag á föstudegi og síðan strax á mánudeginum eftir 5 börn alveg ný með foreldrum sínum í aðlögun. Haustið fór í að kynna börnunum og við vorum mjög duglegar að nota haustið í útinám sem við erum mjög stoltar af. Í sögustundum þá höfum við skipt börnunum í tvo hópa (eldri og yngri). Það gekk vel með eldri hópinn, yngri hópinn hlustaði illa til að byrja með en gengið betur upp á síðkastið. Eftir áramótin vorum við byrjaðar að vinna að þemaverkefni „Heimurinn minn og ég“ sem við ætluðum að sýna á skógardeginum (opinn dagur) í apríl. Þessi vinna ásamt öllu hefðbundnu starfi leikskólans breyttist vegna covid. Börn og starfsmenn voru allir glaðir þegar 4. maí rann upp.

Útinám. Í útináminu nýttum við okkur þemavinnu sem var haustið og litirnir. Útinámið krafðist mikilla skipulagningar, við vorum með litla hópa. Það voru þrír hópar, því börnin voru svo ung. Öll börnin komust í útinám einu sinni í viku. Við fengum líka mjög góð verkefni frá verkefnastjóra útináms sem var með hugmyndabanka um það sem við gætum nýtt okkur í útikennslunni.



Útivera. Hvað Reynilund varðar höfum við haldið okkur við það skipulag að þegar 3-4 börn eru tilbúin fyrir útiveru þá fer fyrsti starfsmaður út. Þetta léttir á fataklefanum og gefur börnunum færi á að æfa sig í að klæða sig sjálf.

Leikstund í fataklefa í hádegi. Í ljós kom við endurmat með börnunum að þeim þykir erfitt að leika sér þar öll að lokinni sögustund. Það eru þau börn sem ekki sofa. Þegar starfsmaður kemur úr mat er hægt að bjóða hluta þessara barna inn á deild og sjáum við þá fyrir okkur að hægt væri að vera með spilastund eða einhver önnur róleg verkefni. Þetta á einkum við þegar fleiri börn hætta að sofa og álagið á börnin eykst.

UMBÓTAPÆTTIR Reynilundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Útinám	Að öll börn fari í útinám 1 sinni í viku.	Tveir starfsmenn fara saman með lítinn hóp af börnum	Deildarstjóri og starfsmenn	Haust 2020	Vor 2021	Á deildarfundum og eftir þörfum	Umgangast náttúruna, styrkja líkamann og fá fjölbreyttara námsumhverfi og tengjast náttúrunni svo þau rækti með sér skilning á henni
Útivera	Að auka öryggi barnanna með fleiri og virkari starfsfólki	Ítreka að starfsfólk fari eftir skipulagi fyrsti starfsmaður fer út þegar 3-4 börn eru tilbúin	Deildarstjóri og starfsmenn	Alltaf þegar útivist er	Alltaf þegar útivist er	Umræður á deildarfundum / ræða líka á deildarstjórafundum	Tilbúið skipulag. Starfsfólk rækir starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Börnin njóta.
Leikstund í fataklefa í hádegi	Að börnunum líði vel og að stundin verði ekki of löng	Þegar starfsmaður nr.2 kemur úr kaffi býður hann um 4 börnum inn á deild í skipulagða stund	Deildarstjóri og starfsmenn	Önnur hver vika þegar deildi n á ekki sal		Á deildarfundum og eftir þörfum	Að börnin njóti sín betur

Stutt greinagerð deildastjóra Grenilundar

Grenilundur hefur verið deildastjóralaus í vetur en aðstoðarleikskólastjóri hefur hlaupið undir bagga með skipulagningu starfsins og verið til staðar inni á deild að hluta meirihluta vetrar. Þeir umbótaþættir sem settir voru upp í lok síðasta leikskólaárs standa enn hjá deildinni þar sem markviss vinna með þá þætti sem settir voru fram eru enn í vinnslu. Sumt hefur vissulega þokast í rétta átt og markmið næsta leikskólaárs er að vinna markvisst að því að festa þetta verklag í sessi.

Stöðvavinna hefur verið tekin út yfir leikskólastarfið í heild og þemavinnu sett inn í staðinn. Leikskólinn setur yfirþema og deildirnar vinna með það í samráði við börnin. Vinnan fór vel af stað þar sem unnið var markvisst með haustið og haustlitina. Við tengdum þessa vinnu við Barnasáttmálann og deildin vann skemmtilegt verkefni um réttindi barna; Réttindatréð.

Utanumhald um ferilmöppur hefur reynst deildinni erfitt en þau verkefni sem samkvæmt áætlun eiga að fara í ferilmöppur hafa ratað þangað en í lok vetrar finnst okkur þær heldur þynnri en við áætluðum.



Lubbastundir eru því miður ekki markvissar og vantar deildinni að viðhalda og vinna frekar með hljóðin og almenna málörvun í smærri hópum. Vinnan fór ágætlega af stað, sett var upp Íslandskort og lagt af stað með það markmið að vinna með sögurnar úr Hljóðasmiðju 2 með áherslu á staði á Íslandi. Þetta var gert nokkuð reglulega fyrst um haustið og börnin höfðu gaman af. Þetta fjaraði þó út og ekki var unnið frekar með þá þætti sem við stefndum að.

Nýr deildastjóri tekur við deildinni næsta haust og erum við bjartsýnar á að deildarstjóri í fullu starfi ásamt starfsfólki deildarinnar geti komið þessum verkefnum á leiðarenda.

Það sem gekk mjög vel í vetur var að deildin hélt mjög góðri rútínu og útinámið gekk afar vel. Þær stundir sem settar eru upp í dagskipulagi héldu sér nánast undantekningalaust og erum við afar stoltar af því starfi sem unnið er á deildinni í hreyfingu, útinámi og tónlist. Við erum þakklátar fyrir verkefni í útinámi sem verkefnastjóri í útinámi hefur útbúið fyrir leikskólann í heild og nýttum okkur það til hins ýtrasta. Vinnustundir og samverustundir hafa líka gengið vel en helst hefur vantað upp í samfellu í vinnustundum og að vinna betur með málörvun og Lubba.

Endurmat með börnunum er unnið út frá samtölum en einnig notum við demantaaðferð og hefur þeirri aðferð verið beitt tvisvar sinnum á þessu leikskólaári með áhugaverðum niðurstöðum. Við myndum vilja nýta þetta betur til að ná enn betur fram sjónarmiðum barna í starfinu á deildinni og vera duglegri að vinna skráningar í daglegu starfi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Þemavinna	Að hafa þemavinnu markvissari og auka aðkomu barna að hugmyndavinnu.		Starfsfólk deildar	Ág.20	Mai21	Meta á deildarfundum 3x yfir árið eftir hvert þematímabil.	Börnin verði áhugasöm og ná að komast í hugarflæði.
Ferilmöppur	Að halda betur utan um þau verkefni sem fara í ferilmöppur. Vera duglegri að skrá vinnu með börnunum. Þjóða börnum alltaf að setja mynd í ferilmöppu ef þau eru sérlega ánægð með ákv.verk.	Setja upp kerfi þar sem hver starfsmaður fær hlutverk.	Starfsfólk deildar	Ág.20	Mai21	Einn starfsmaður ber ábyrgð á ferilmöppum og minnir hina á og kemur með hugmyndir. Farið yfir reglulega á deildarfundum.	Vel unnar ferilmöppur í lok næsta leikskólaárs.
Lubbi finnur málbein	Að öll börn fái Lubbastund í smærri hóp þar sem vinnan er markvisst unnin út frá skipulagi.	Gera skipulag um Lubbavinnu, útbúa kennsluefni. Fara í heimsókn í Birkilund þar sem markviss vinna með Lubba á sér stað. Leita eftir hugmyndum í öðrum leikskólum,	Deildastjóri	Ág20	Mai21	Fræðsla til starfsfólks deildarinnar og upprifjun á Lubbanámskeiði. Starfsfólk les sér til í undirbúningstíma og útbýr sameiginleg verkefni. Starfsfólk kynnir sér vinnu með Lubba á öðrum deildum og jafnvel í öðrum leikskólum.	Börnin þekki stafahljóð Lubba og náí að yfirfæra þá þekkingu í umhverfi sitt.

		lesa okkur betur til.					
--	--	--------------------------	--	--	--	--	--

Stutt greinagerð deildastjóra Víðilundar

Veturinn á Víðilundi hefur verið nokkuð erfiður vegna mikilla breytinga í starfsmannahópnum. Þessar breytingar og löng leit af deildastjóra gerðu það að verkum að ekki náðist að vinna að öllum markmiðum deildarinnar. Þeir umbótaþættir sem settir voru upp í síðustu starfsáætlun standa því enn hjá deildinni þar sem markviss vinna með þá þætti sem settir voru fram eru enn í vinnslu. Útinám gekk þó vel framan af vetri og skipti þar sköpum að vera með verkefnisstjóra sem útbjó verkefni sem hægt var að vinna með í útináminu.

Endurmat var framkvæmt reglulega samkvæmt endurmatsáætlun leikskólans á meðan eðlilegt skólastarf var. Við gerðum endurmat með börnunum með demanta aðferðinni þar sem þau ræddu um líðan sína í Covid. Niðurstöður hennar komu ekki á óvart: skemmtilegast var **að** vera mikið með mömmu og pabba en leiðinlegast var að hitta ekki vini sína.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Undirbúning starfsmanna	Að fara reglulega í undirbúning til að hafa verkefni tilbúin fyrir börnin	Hver og einn þarf að fylgjast með planinu og finna besta tímann til að fara í undirbúning Deildastjóri getur líka sent starfsmenn í undirbúning með ákveðin verkefni til að gera.	Deildastjóri ber ábyrgð á að finna tíma fyrir undirbúning starfsmanna en starfsmenn eiga líka að taka ábyrgð á sínum tíma fyrir undirbúning	Maí 2020	Júlí 2021	Skrá undirbúningstíman sinn í dagbókina með öga fara yfir á deildarfundum	Starfsfólk leitast við að vikka út sjóndeildarhring sinn og þekkingu með margvíslegum hætti. Það mætir undirbúið í vinnustundir og aðra þætti sem krefjast undirbúnings.
vinnustund	Að börnin fari daglega í fjölbreyttar vinnustundir (málörvun, fínhyrvingar, tölur, form,	Vinnustundir verða áfram daglega í skipulagi. Vinnum út frá ákveðnu þema 1-2x í viku. Grænálfar fá	Deildarstjóri og allir starfsmenn	Ágúst 2020	Júní 2021	Rýnihópur barna 1x á önn (2-3 börn úr hverjum hóp)	Að starfsfólk fái betri yfirsýn yfir hæfni og geta barnanna. Að börnin fái tækifæri til að læra í gegnum leik og hafa áhrif á það sem er


	hljóðkerfisvitund, þemavinna).	að velja hvað er gert 1x í viku					gert í vinnustundum
Tónlistastund	Að börnin fari í tónlistastund	Börnin fara í litlum hópum í tónlistastund einu sinni í viku	Allir starfsmenn sjá um tónlistastundir á deildinni	Ágúst 2020	Júlí 2021	Reglulega yfir veturinn á deildarfundum. Með demantaaðferðinni og í samræðum við börnin í litlum hópum.	Börnin kunni að slá í takt, þekki einstaka hljóðfæri og þekki einstaka tónlistarævintýri.
Samvera	Öll börnin verði virkir þátttakendur í samverustundum.	Búa til söngvaspjöld til að láta börnin velja lög	Allir starfsmenn sjá um samveru á deildinni	Ágúst 2020	Júlí 2021	Starfsmenn meta reglulega yfir veturinn á deildarfundum. Börnin meta með umræðum í litlum hópum.	Börnin taka á virkan hátt þátt í verkefnum og leik af áhuga og gleði.

Stutt greinagerð deildastjóra Birkilundar

Útinám

Í upphafi skólaárs fórum við yfir hvað hafði gengið vel og hvað ekki á síðastliðnu skólaári. Við ákváðum að setja raunhæf markmið með útinámið svo að ekki myndi fjara undan því hjá okkur eins og gerðist árið á undan. Einn kennari í leikskólanum var gerður verkefnastjóri fyrir útinám og var hún dugleg að koma með hugmyndir til okkar jafnframt því sem hún útbjó fullt af verkefnum fyrir leikskólann. Það að hafa verkefnastjóra sem hægt er að leita til var mikill hvatning og styrkur fyrir okkur. Ákveðið var að hver kennari hefði þann hóp sem hann væri með í vinnustundum og fjöldi kennara fór eftir börnunum í hópnum. Í vinnustund þann dag var farið yfir hvað þau gerðu í útináminu um morguninn, börnin ræddu sín á milli hvernig hefði gengið, hvað hefði verið skemmtilegt og áhugavert og hvað ekki. Þarna endurmátu börnin útinámið og ræddu lausnir og leiðir á því sem þeim fannst ekki hafa gengið nógu vel og veltu því fyrir sér hvað þau vildu gera næst þegar þau færu í útinám. Þetta varð til þess að áhugi barnanna fyrir útnámi varð miklu meiri og þau gerðu meiri kröfur á að farið væri í ferðir og voru ekkert að láta veðrið stöðva sig. Þessi mikli áhugi barnanna var líka mikil hvatning fyrir kennarana því börnin voru farinn að spyrja á mánudegi hvenær fórum við næst og eigum við að gera svona eða fara þetta og þau þessi elstu töldu niður dagana. Allir hópar fóru einu sinni í viku og í endurmati barnanna fannst þeim það ekki nóg töluðu um að það væri nú allt í lagi að fara tvisvar í viku. Börnin voru farinn að finna sjálf lausnir á vandamálum sem komu

upp, eins og til dæmis hjá einum hópnum þar sem umræða var í upphafi skólaársins, hvort að kennari ætti að ákveða hver leiddi hvern eða þau sjálf og hvort kennari ætti að ákveða hver væri fyrstur og hver síðastur eða þau sjálf. Þau tóku þá ákvörðun að þau myndu ráða því sjálf hver leiddi hvern og hvernig röðin væri hjá þeim. En þá kom einn með þá spurningu „en hvað gerum við ef það gengur ekki og við förum að rífast“. Það var löng þögn hjá hópnum þangað til einn brosti og sagði „ég veit við notum lego kubba“. „Og hvað gerum við með þá“ var spurt „Nú við verðum með tvo gula, tvo rauða, tvo græna, tvo bláa og einn svartan síðan setur kennarinn þá í poka og við drögum og þeir sem sem fá gula kubba eru fremstir, þeir sem fá rauða eru næstir og svo þeir sem fá græna og þeir sem fá bláa eru síðastir og sá sem fær svartakubbinn leiðir kennarann. Þetta fannst hópnum góð lausn og þegar það gekk ekki nógu vel að þau réðu hver leiddi hvern og hvar þau væru í röðinni komu þau til kennara og sögðu að þau þyrftu að not a kubbana. Börnin eru ánægð með þessa ákvörðun sína og hafa kynnt hana fyrir öðrum börnum á leikskólanum þegar þeim finnst ekki ganga nógu vel þegar þau eru að fara í útinám og eru kannski ekki sátt við hvern þau eiga að leiða eða hvar þau eru í röðinni. Útinám gekk vel í vetur þar til verkfall og covid19 settu strik í reikninginn en um leið og leikskólastarf var komið í eðlilegt form byrjaði útinám af fullum krafti.



Demantaaðferð/skriflegt endurmat

Við vorum mun duglegri að endurmeta starf okkar með börnunum í vetur og voru notaðar margvíslegar aðferðir til þess eins og demantaaðferð og umræður. Settum við okkur þau markmið í upphafi að gera einn demant í mánuði en það gekk ekki eftir. Gerður var einn demantur fyrir áramót og annar eftir áramót. Við gerðum líka reglulega skriflegt og munnlegt endurmat bæði með litlum og stórum hópum. Börnin eru orðin miklu duglegri að láta í ljós óskir sínar og skoðanir á því sem gert er í leikskólanum nú heldur en í upphafi skólaárs. Við notuðum mikið vinnustundir til að heyra raddir barnanna en þar vorum við með minni hópa. Okkur fannst gott að nota þessar stundir því sumir eiga erfitt með að segja hvað þeim finnst í stórum hóp. Við settumst einnig oft niður með allri deildinni og ræddum hvað þeim fannst betur mætti fara í starfi deildarinnar og leikskólans. Við héldum kosningar reglulega þar sem börnin kusu um ýmislegt eins og hvaða mat þau vildu setja á matseðill, hvaða þema við ættum að taka fyrir Skógardag og svo framvegis. Í söngstundum í vetur hafa börnin skipt á að vera söngstjóri og stjórna því hvaða lög eru sunginn og hafa þau mikið styrkst eru orðinn mikið öruggari með sig. Við heyrum oft að þau segi að þau ráði og kennararnir líka og þau hafa orðið meiri skoðanir á því hvað sé gert og hvað ekki. Enn það má alltaf bæta og þurfum við að byggja ofan á það sem komið er því að við styrkjum sjálfsmynd barna þegar þau finna að raddir þeirra hafa áhrif.

Uppeldi til ábyrgðar

Það var eins og það kviknaði eitthvað ljós hjá okkur kennurunum í vetur hvernig ætti að vinna með uppeldi til ábyrgðar og gerði það alla vinnu miklu markvissari og auðveldara var að ná þeim markmiðum sem við settum okkur. Gerðum deildarsáttmála í nóvember og fannst börnunum gaman að vinna hann, miklar umræður spruttu upp í barnahópnum. Eftir að deildarsáttmáli var gerður eru börnin meðvitaðri um samskipti sín á milli og orðræðuna. Og ef einhver samskipti ganga ekki vel þá eru þau dugleg að fara að sáttmálanum, ræða sín á milli hvað þau ákváðu eða ef þeim finnst þurfa hjálp þá leita þau til kennara. Okkur langar til að dýpka okkur enn meir í Uppeldi til ábyrgðar svo við séum betur meðvituð um styrkleika og þarfir hvers barns í barnahópnum. Koma þessu inn í veggina svo börnunum finnist það sjálfsagt að við séum öll ólík og með ólíkar þarfir og að allir beri virðingu fyrir þörfum annarra.

Vinnustundir

Ætlunin var að láta kennara rúlla á milli vinnustundarhópa en við sáum fljótt að markvissara var unnið ef hver hópur hefði sinn hópstjóra. Skipulag vinnustunda elstu barna gekk vel í vetur og var mikil og góð samvinna á milli hópstjóra. Það gekk ekki eins vel hjá yngri hópnum en það sem reyndist erfiðast með yngri börnin var að þetta voru tveir árgangar og var mikill getumunur á þeim. Í hópnum voru líka

orkumiklir einstaklingar sem þurftu mikla aðstoð. Sú sem var með vinnustundir yngri barna hafði líka litla starfsreynslu og þó hún hafi átt að fá stuðning reyndari kennara með sér gekk það ekki alltaf eftir t.d vegna veikinda. Við ætlum að getuskipti í vinnustundir eins og hægt er næsta vetur hafa færri börn í þeim hópum sem þurfa meiri aðstoð og stærri hópa þar sem getan er meiri. Gera gróft skipulag um hvaða leiðir við viljum fara í vinnustundum og meta reglulega bæði á deildarfundum og með börnunum

Spila með börnunum

Við settum okkur það markmið að spila með öllum börnum tvisvar í viku. Þetta gekk ekki nógu vel í byrjun því mörg barnanna höfðu lítinn áhuga á að spila og litla þolinmæði. Við ætluðum fyrst að vera með ákveðna spilatíma eins og eftir síðdegishressingu enn það gekk ekki nógu vel því þau voru ekki alltaf tilbúinn til þess heldyr langaði frekar að leika við félagana. Við endurskoðuðum því verklag okkar og sáum að betra var að bjóða börnunum að koma og spila þegar okkur sýndist þau vera tilbúinn til þess eða þau óskuðu eftir því. Þetta var til þess að áhugi barnanna jókst og þau fóru í auknum mæli að koma til kennara og biðja þá um að spila við sig. Einnig eru þau miklu duglegri að spyrja vinina hvort þeir vilji spila og undirtektir vinanna eru miklu jákvæðari. Hefur börnunum farið fram í spilamennsku jafnframt því sem við sjáum aukna ánægu af því að sitja og spila þá hefur úthald aukist og gerð er krafa á flóknari spil. Flest börnin eiga orðið mun auðveldara með að tapa í spilum og samgleðjast með þeim sem gengur betur í spilu en þeim.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Mikil umræða hefur skapast í þjóðfélaginu um réttindi barna og langar okkur kennurum að þekkja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna svo við vitum hver séu réttindi barna á Íslandi og í heiminum öllum. Og miðla síðan til barnanna þannig að börnin viti hver réttur þeirra er samkvæmt Barnasáttmála Sameinu þjóðanna. Byrjuðum að vinna markvist með Barnasáttmálan í vetur og finnst okkur marga í honum falla vel við þá stefnu sem leikskólinn vinnur eftir. Við ætlum að vinna verkefni sem eru í bækling sem UNICEF gaf út og byggir á fræðslu og verkefnum fyrir börn og starfsfólk leikskóla. Öll börn á deildinni koma að þessari vinnu og mun hópastærð og tíminn sem fer í hvert verkefni fara eftir áhugahvöt hópsins hverju sinni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	------------------------	------------------------	--------	-------	-------	----------------------------	----------------------

Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útinám	Hvert barn fari í útikennslu að minnsta kosti einu sinni í viku	Skipta þeim upp í 6-9 barna hópa. Fjöldi kennara fer eftir aldri og þroska hópsins. Finna leiðir og markmið með börnunum hvað það er sem þau vilja fá út úr útináminu	Starfsmenn deildar fyrst og fremst.	ágúst 2020	júlí 2021	Umræður í starfsmannahópnum. Reglulegar umræður á deildarfundum eftir því sem þurfa þykir. Starfsfólk sé duglegt að hvetja hvort annað og leiðbeina hvert öðru. Kennarar meti alltaf reglulega með sínum barna hóp hvað gengur vel og hvað má betur fara. Að setja það í hendur barnanna hvað á að gera í útináminu og hvernig á að framkvæma það.	Börnin læri að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi sínu og fái tækifæri til að njóta og upplifa. Að börnin fái að fást við verkefni sem vekja forvitni þeirra og hvetja þau til gagnrýrnar hugsunar, rannsókna og kannana.
Demantaaðferð/Skriflegt endurmat/Munnlegt endurmat, fundir með börnunum	Að börnin hafi meiri áhrif á umhverfi sitt í leikskólanum. Þannig að þau upplifi að sjónarmið þeirra og skoðanir skipti máli	Að börnin meti reglulega það starf sem fer fram á leikskólanum bæði í stórum hópum og litlum. Hafa kosningar þar sem meirihlutinn	Starfsmenn deildar bera ábyrgð á því að gera hið minnsta einn demant fyrir áramót og einn eftir áramót. Skriflegt og munnlegt endurmat með börnunum	Ágúst 2020	Sep 2021	Kennarar endurmeta reglulega á deildarfundum hvað gengur vel og hvað ekki. Endurmeta reglulega með börnunum og fá þeirra sjónarmið á því hvað það er	Að börnin finni að þau hafi áhrif á það sem gert er í skólanum. Að skoðanir þeirra skipta máli og þau geta ráðið alveg eins og kennararnir um það hvað er gert og hvernig. Að

		ræður eins og þegar verið er að velja mat á matseðil, eða hvað eigum við að taka fyrir á Skógardeginum	bæði í stórum og litlum hópum.			sem þau vilja endurmeta.	þau hafi stjórn á lífi sínu
Vinnustundir	Starfsmenn lesi sér til um hvert og eitt barn og fylgjast með getu þeirra í vinnustundum.	Að kennarar hafi sem besta yfirsýn yfir hæfni allra barna á deildinni þannig að þeir geti gripið inn og gert ráðstafanir ef barn þarf meiri örvun í mál og læsi en þau fá í vinnustundum.	Allir starfsmenn deildarinnar. noti hluta af sínum undirbúning til að fara yfir vinnustundir síns hóps. Gera möppu þar sem eru hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna í vinnustundum.	Ágúst 2020	Máí 2021	Umræður á deildarfundum eins og þurfa þykir. Endurmeta reglulega með börnunum í hverjum hóp hvað þau vilja gera í vinnustund.	Að börnin séu búin að ná ákveðinni færni sem er ákveðin í upphafi skólaárs. Það er gert með Tras listanum.
Uppeldi til ábyrgðar	Auka jákvæð samskipti og virðingu fyrir öllum í leikskólanum. Fá jákvæða og uppbyggjandi orðræðu hjá öllum	Gera Y spjald með börnunum í október í vinnustund. Gera deildarsátt mála, upp úr Y spjöldunum í samverustund í október. Þarfagreina barnahópin svo þau viti hvar þeirra styrkleiki liggur.	Allir starfsmenn deildarinnar	Sep 2020	Máí 2021	Kennarar og börn meti reglulega hvernig gengur að fara eftir deildarsáttmálunum. Ræða og rýna í með börnunum þegar búið er að þarfagreina þau. Hvaða eiginleikar hafa hjarta, stjarna, fiðrildi og blaðra. Svo börn og kennarar skilji betur og viðurkenni þarfir hvors annars	Að þetta hjálpi börnunum að finna sínar sterku og veiku hliðar og læri að þekkja sitt sjálf. Að kennarar fái betri yfirsýn og skilning á hæfni og getu hvers barns.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	Að öll börn á deildinni geri sér grein fyrir því að þau eiga sama rétt á öruggu og heilbrigðu lífi sama hvar þau alast upp í heiminum. Og að fullorðna fólkið á að sjá til þess að öll	Vinna verkefni upp úr hefti frá unicef. Þar sem vakin er athygli á misjöfnum kjörum barna. Og nauðsyn þess að börn og kennarar tali saman um réttindi og kjör barna í heiminum	Börn og starfsmenn deildarinnar	Sep t 2020	Júlí 2021	Kennarar lesi það efni sem til er um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Endurmeta með börnunum fá þeirra raddir á það sem verið er að gera	Að börnin þekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og það verði þeim styrkur í framtíðinni að vita að þau eiga sinn rétt til heilbrigðs lífs.
---	--	--	---------------------------------	------------	-----------	---	---



3 Ytra mat

Starfsmannakönnun var gerð í byrjun árs og voru niðurstöðurnar á þann veg að flestir þættir komu betur út en í fyrri könnun sem var gerð 2019. Í heild var meðaltal allra þátta 4,51 en 2019 var það 4,40 stig. Það sem stóð í stað voru spurningar um starfsmannastöðugleika, hæfilegt vinnuálag, starfsánægju og móttöku nýliða. Svörun var þó eingöngu um 50% og hefði undirrituð viljað sjá betri þátttöku í könnuninni. Það má þó geta þess að verkfall stóð yfir þegar könnunin var framkvæmd og svo kom covid þannig að það getur verið skýring á því hvers vegna þátttaka var dræm.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsánægja	Að auka starfsánægju	Fá fyrirlestra um samskipti og samstarfs á skipulagsdegi. Vera með meira hópefli á skipulagsdögum og fyrir utan vinnutíma.	Allir stjórnendur	Ágúst 2020	Maí 2021	Nýtast við niðurstöður starfsmannkönnunar Reykjavíkurborgar 2021	Starfsfólki finnst starf sitt mikilbægt og telur að starfsframlag þess sé metið að verðleikum innan leikskólans. Því líður vel í starfi og upplifir sig sem hluta af starfsmannahópnum.
Móttaka nýliða	Auka fræðslu til nýliða og vera með regluleg viðtöl.	Vera virkari að fara eftir móttökuáætlun Hálsaskógar og taka nýtt starfsfólk reglulega í viðtöl fyrstu	Allir stjórnendur.	Alltaf	Alltaf	Nýtast við niðurstöður starfsmannkönnunar Reykjavíkurborgar 2021	Starfsfólk ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað.

		vikurnar í starfi þeirra.					
--	--	------------------------------	--	--	--	--	--

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl áttu að byrja í janúar en vegna veikinda var erfitt að koma þeim að. Í febrúar ætlaði leikskólastjóri að fara á fullt skrið með þau en enn og aftur varð að fresta þeim vegna verkfalls og svo vegna covid. Starfsþróunarsamtöl hafa því ekki ennþá átt sér stað en byrjað verður á þeim í september næstkomandi. Ætlunin hafði verið að vera með snerpusamtöl tvisvar á ári og er það enn á áætlun þó svo að það náist bara einu sinni árið 2020.

Þess má þó geta að leikskólastjóri hefur rætt stuttlega við alla starfsmenn um áætlanir þeirra fyrir skólaárið 2020-2021 en það hefur verið gert með óformlegum hætti.

Á skipulagsdögum hefur starfsfólk fengið ýmis konar fræðslu. Meðal annars:

- Líkamsbeitingu
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar
- Lausnarhringurinn
- Opinskátt um ofbeldi
- Ráðstefna SFS, “Gott að leika saman, þá fær maður hugmyndir”
- Útinám
- Einn starfsmaður er að klára meistaraþráðu í leikskólakennarafræðum
- Einn starfsmaður útskrifaðist sem leikskólaliði
- Einn starfsmaður fór á fagnámskeið 2

Auk þessa hafa starfsmenn sótt ýmis námskeið og fundi.

Í október 2020 byrjar leikskólinn í Erasmusverkefni sem kallast “Fyllt á þekkingarbrunn leikskóla Reykjavíkurborgar”. Sótt var um verkefnið í nafni Skóla- og frístundasviðs en verkefnið er hugsað sem skólaþróun fyrir kennara. Verkefnið mun standa yfir í 19 mánuði og á því tímabili munu tveir kennarar fara á námskeið sem nefnist “The best for preschool teachers: Montessori method, Outdoor Education, Reggio Emilia Approach and much more” sem fram fer í Bologna, Ítalíu. Þá munu tveir kennarar fara á námskeið sem ber heitið “Holistic Approaches to early Years Education” og verður haldið á Írlandi.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi er í nokkuð föstum skorðum og gera má ráð fyrir að samstarfið verði álíka og á síðasta skólaári.

- **Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2020-2021:**
 - **September:** Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
 - Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
 - **Október:** Gamli leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
 - **Nóvember:** Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
 - **Febrúar:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
 - **Mars:** Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2021-2022.
 - **Mái:** Elstu börnin okkar fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar börnum til grunnskólanna.

6 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð Hálsaskógar er skipað sex fulltrúum sem kosnir eru á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri heldur utan um foreldraráðið og boðar reglulega til fundar sem haldnir eru í lok dags. Þennan veturinn hefur verið meira samráð en venjulega við ráðið vegna breytinga á skipulagsdögum og upplýsingastreymis vegna verkfalls.
- Foreldrafundur er haldinn að hausti í september/október og að morgni til. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar sitja þennan fund. Farið er yfir komandi skólaár og hverjar áherslur verða í starfinu. Auk þess fá foreldrar kynningu á foreldrahandbók og leikskóladagatalinu. Haldnir eru tveir fundir, einn fundur fyrir hvort hús. Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna sem venjulega er að vori þar sem farið er yfir áherslur leikskólans sem og hvernig fyrirkomulag aðlögunar verður háttað var felldur niður þetta vorið. Deildarstjórar hafa, eins og alltaf, sett sig í samband við foreldra og fá þau í viðtal áður en börn þeirra byrja í leikskólanum. Við stefnum þó á að vera með kynningarfund á næsta ári ef allt verður eðlilegt í þjóðfélaginu.
- Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári. Fyrri viðtölin fara fram í nóvember og þar er farið yfir líðan barnsins. Í seinni viðtölunum sem venjulega fara fram í mars er farið í líðan og þroska barnsins. Að þessu sinni var foreldrum boðið upp á símaviðtal í maí. Það gafst vel og sjáum við fyrir okkur að halda áfram að bjóða upp á símaviðtal einu sinni á ári. Foreldrar barna sem eru að byrja í Hálsaskógi eru alltaf boðin í fyrsta viðtal áður en vistun barnsins

hefst. Í maí/júní eiga sér stað foreldraviðtöl fyrir foreldra þeirra barna sem eru að flytjast á milli húsa og deilda. Það viðtal sitja fráfarandi deildarstjóri barnsins og væntanlegur deildarstjóri.

- Foreldrafélag er starfandi í Hálsaskógi og í félaginu sitja 5-6 fulltrúar og skipta þeir með sér verkum. Foreldrafélagið sér um að skipuleggja og halda utan um ýmsa viðburði. Félagið stendur einnig straum að ýmsum kostnaði s.s. leiksýningum, sveitaferð og jólaballi. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um foreldrafélagið og situr fundi með þeim. Foreldrafélagið hittist til að funda þegar þörf er á, eins fara fram samskipti inn á lokuðum hóp á Fésbókinni.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar 2020-2021	
Föstudagur 9. október	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur í Breiðholti
Föstudagur 27. nóvember	Heill skipulagsdagur.
Þriðjudagur 16. mars	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Miðvikudagur 21. apríl og föstudagur 23. apríl	Heill skipulagsdagur. Starfsfólk leikskólans fer í námsferð
Mánudagur 10. maí	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá öllum leikskólum í Reykjavík

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 L	16 S	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F			29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L			30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S			31 M	31 M		

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga.

Stefna skóla- og frístundasíðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 – Endurmatsáætlun Hálsaskógar

8.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hálsaskógar

Ásgerður Guðnadóttir
Leikskólastjóri

08.07.2020
Dagsetning

Matsáætlun Hálsaskógar 2020-2021

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Starfsþróunarsamtöl byrja	Deildarfundir Deildarstjórafundir - Aðlögun - Samverustundir - Matmálstímar - Útivera Viðburðir <u>Stýrihópafundir</u> Stýrihópur menntastefnu, félagsfærni og læsi Stýrihópur Barnasáttmála	Foreldraviðtöl að hausti Deildarfundir Deildarstjórafundir - Þemavinna - Hvíld - Útinám - Vinnustundir - Barnasáttmálinn Viðburðir <u>Stýrihópafundir</u> UTÁ og Heilsueflandi leikskóli/tannvernd	Demantsaðferðin/endurmat með börnum. Deildarfundir Deildarstjórafundir - Uppeldi til ábyrgðar - Fundir - Menntastefna, félagsfærni og læsi Viðburðir <u>Stýrihópafundir</u> Stjórn starfsmannafélagsins, Umhverfisnefnd, skemmtinefnd	Deildarfundir Deildastjórafundir - Dagsskipulagið - Lubbi finnur málbein - Menntastefna, sögugerð Viðburðir
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Starfsþróunarsamtöl byrja Deildarfundir Deildarstjórafundir - Dagskipulag - Tónlistarstundir og hreyfistundir Viðburðir <u>Stýrihópafundir</u> Stýrihópur menntastefnu, félagsfærni og læsi Stýrihópur Barnasáttmála	Starfsþróunarsamtöl halda áfram. Deildarfundir Deildarstjórafundir - Matmálstímar - Útivera - Þemavinna - Sérkennsla Viðburðir <u>Stýrihópafundir</u> Umhverfisnefnd og Heilsueflandi Breiðholt/Tannvernd	Foreldraviðtöl að vori Deildarfundir Deildarstjórafundir - Vinnustundir - Uppeldi til ábyrgðar - Barnasáttmálinn Viðburðir <u>Stýrihópafundir</u> UTÁ	Demantsaðferðin/endurmat með börnum Deildarfundir Deildarstjórafundir - Fundir - Útinám og sögugerð Viðburðir <u>Stýrihópafundir</u> Skemmtinefnd, Menntastefna og Barnasáttmálinn	Endurmat á öllum deildum • Þemavinna • Útinám • Dagsskipulagið • Umhverfismennt • Uppeldi til ábyrgðar • Lubbi finnur málbein Allar deildir vinna samantekt úr endurmatsbækling fyrir starfsáætlun næsta árs.

Fylgiskjal 2

Starfsáætlun 2020 – 2021 **Hálsaskógur**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bryndís Björnsdóttir

Edda Björg Þórðardóttir

Elísa Guðnadóttir

Rakel Mjöll Guðmundsdóttir

Sigríður Þorvarðardóttir

Svanberg Hjelm Guðnason

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin er að mestu vel unnin og metnaðarfull. Markmið hvernar deildar mættu þó vera skýrari og þá sérstaklega hvernig meta eigi árangur. Þar sem aðlögun yngstu barna gekk ekki vel á síðasta ári þarf að ráðast í markvissa vinnu með það markmið að gera betur í þeim efnum á næsta skólaári þar sem góð og átaklaus aðlögun er lykilatriði í vellíðan barna og starfsfólks. Auk þess mætti bæta kynningu á nýju starfólki til að mynda með að setja inn tilkynningu með mynd og nafni á Facebook síðu leikskóla og viðkomandi deildar og/eða í fataklefa.

Á þessu skólaári hefur tekist vel að halda úti metnaðarfullu og faglegu starfi á fordæmalausum tímum þar sem verkfall og heimsfaraldur hafa sett mark sitt á leikskólastarfið. Starfsfólk hefur verið með eindæmum jákvætt á þessum tímum sem og öðrum, skipulag markvisst og gott og foreldrar verið vel upplýstir um skipulag og breytingar.

Hr. Níels hefur haldið áfram að vekja lukku meðal barnanna, útnámið hefur verið frábærlega útfært og er í stöðugri þróun og starf elsta hóps eins og best verður á kosið miðað við aðstæður á þessu skólaári. Áhersla á læsi og málörvun fyrir allan leikskólann er áberandi og frábært að finna hvað sú áhersla smitast heim í leik, auknum áhuga á bókalestri, söngvum og þekkingu á stöfunum. Gaman verður að sjá hvernig starfið í heild sinni mun halda áfram þróast með samtvinnun útinámsins, menntastefnunnar og barnasáttmálans.

